**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1982 — 1185. mál.**

# Fyrirspurn

**til mennta- og barnamálaráðherra um rafíþróttir.**

Frá Vilhjálmi Árnasyni.

1. Hefur verið gerð úttekt á áhrifum alþjóðlegra rafíþróttamóta sem haldin hafa verið hérlendis á íslenskan efnahag, sér í lagi með tilliti til gjaldeyristekna af slíkum mótum?
2. Er unnið að því að taka rafíþróttir til greina í stjórnsýslu íþróttamála? Ef svo er, hvað líður þeirri vinnu og í hverju felst hún?
3. Hvað hefur verið gert til að styrkja umgjörð og innviði rafíþrótta á Íslandi frá því að sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf núverandi ríkisstjórnarflokka var undirritaður? Hvaða aðgerðir til eflingar innviðum rafíþrótta stendur til að ráðast í það sem eftir lifir þessa kjörtímabils?
4. Hversu mörg íslensk íþróttafélög halda úti skipulögðu rafíþróttastarfi?

**Skriflegt svar óskast.**